



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

**628. fundur stjórnar SSH
var haldinn í fjarfundi, mánudaginn 11. maí 2026
og hófst hann kl. 13:00.**

Fundinn sátu:

Almar Guðmundsson, Þór Sigurgeirsson, Ásdís Kristjánsdóttir, Þorbjörg Gísladóttir, Valdimar Víðisson, Heiða Björg Hilmisdóttir, Þóra M. Hjaltested, Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH og Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH.

Fundargerð ritaði: Páll Björgvin Guðmundsson, framkvæmdastjóri SSH

Heiða Björg Hilmisdóttir formaður stjórnar setti fund og gengið var til dagskrár.

Dagskrá:

1. Samgöngusáttmálinn - Verkefni - 2003010

Framhald umræðu frá 627. fundi. Áframhaldandi umræður um sameiginlegan skilning varðandi ráðstöfum ábata af lóðum sem kunna að verða til vegna framkvæmda samgöngusáttmálans s.s. vegna stokka- eða gangnaframkvæmda.

Niðurstaða:

Umræður. Ásdís Kristjánsdóttir bæjarstjóri Kópavogsbæjar, Almar Guðmundsson bæjarstjóri Garðabæjar og Þór Sigurgeirsson bæjarstjóri Seltjarnarness leggja fram eftirfarandi bókun:

"Í aðdraganda að uppfærslu Samgöngusáttmálans árið 2024 voru til umræðu þau atriði sem snúa að ábata af sölu lóðaréttinda, á eða við stokka og gangnalausnir vegna framkvæmda Samgöngusáttmálans, til þriðja aðila. Undirrituð telja mikilvægt að ef það bætast við byggingarhæfar lóðir vegna framkvæmda Samgöngusáttmálans, eins og til dæmis við Miklubrautargöng þá er eðlilegt og sanngjarnt að ráðstöfun þess ábata sem verður af sölu á umræddum lóðaréttindum gangi inn í fjármögnun sáttmálans."

2. Sérskóli á höfuðborgarsvæðinu - Sóknaráætlun 2025 - 2502016

Framhald umræðu frá 627. fundi. Fyrirliggjandi eru drög að viljayfirlýsingu sveitarfélaganna auk mennta- og barnamálaráðuneytis og innviðaráðuneytis um samstarf um uppbyggingu sérskólaúrræða á höfuðborgarsvæðinu en fyrirhugað er að undirritun hennar, með fyrirvara um samþykki borgarráðs og bæjarráða, fari fram miðvikudaginn 13. maí kl. 12:45. Framkvæmdastjóri kynnir.

Gestir

Hanna Borg Jónsdóttir verkefnastjóri farsældarráðs höfuðborgarsvæðisins

Niðurstaða:

Samþykkt. Skrifstofu SSH er falið að undirbúa undirritun viljayfirlýsingarinnar.



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

3. Fjölsmiðjan - rekstur og fjárhagur - 1501007

Fyrirliggjandi til kynningar er fundargerð stjórnar Fjölsmiðjunnar dags. 30. mars 2026.

Þá liggur fyrir að ársfundur Fjölsmiðjunnar verður haldinn kl. 13:00 12. júní nk. SSH tilnefna einn aðalmann og einn til vara í stjórn Fjölsmiðjunnar og liggur tilnefningarbeiðni fyrir.

Undanfarin ár hefur formaður samráðshóps SSH á sviði velferðarmála verið tilnefndur í stjórn Fjölsmiðjunnar af hálfu SSH. Formennska hópsins skiptist milli sveitarfélaga til samræmis við formennsku í stjórn SSH. Er formennskan því í höndum Reykjavíkurborgar en mun í nóvember flytjast til Kópavogs.

Er gerð tillaga um að Sigrún Þórarinsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs Kópavogsbæjar verði tilnefnd í stjórn Fjölsmiðjunnar og Guðlaug Ósk Gísladóttir sviðsstjóri velferðarsviðs Hafnarfjarðar til vara.

Niðurstaða:

Samþykkt.

4. Önnur mál - 2110011

Umræður um undirbúning afmælisviðburðar SSH sem haldinn verður 28. ágúst nk.

Niðurstaða:

Umræður

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 14:00.

Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08.2026